Hexagon að Steinkrossi

Pétur Halldórsson
petur@po.is

Sexhyrningur sköpunar að Steinkrossi

Elstu stafir hebreskrar tungu og mæld landsvæði við landnám á Íslandi eru af sama hugmynda meiði. Upphafs orð fyrstu Móse bókar; "Í upphafi skapaði guð himinn og jörð" voru óaðskiljanlegur hluti helgisiða við landnám í Rangárhverfi. Tölvísi þessara orða virðast hafa verið óaðskiljanlegur hluti helgisiða sem komu með þjóðfélags hópum norður Evrópu og alla leið til Íslands í fornöld. Í farteski þeirra voru tákn og tölvísi hinna fornu jarðar trúarbragða sem runnu inn í Biblíuna og launfræði íslenskra sagna. Nú leita þau sátta við upphaf sitt því einhversstaðar í grárri forneskju lágu þræðirnir saman.

Við eingyðistrú Kristni, voru öll tákn hinnar fornu trúar eyðilögð eða helguð Kristi. Þá varð til flóra launsagna um hugsanir tengdar stærð ver-aldar og dýpstu kenndum mannsins. Nú leynast táknin í gömlum munnmælum, hátt uppi á byggingum, í hluta höggmyndar, undir rústum eða í landslaginu sjálfu. Eftir margra alda trúboð standa eftir skrítin hugmyndasambönd gömlu trúarinnar líkt og holar umgjarðir heimsmyndanna sem þjóðir eiga í sameiginlegum menningararfi sínum. Við leitum vegsumerkja þeirra í Hekluhrauni, þau blasa við augum ef maður þekkir hlutföllin sem bundin eru tölunum 3 og teningi 3 =27, og vífeldinu; 54, 108, 216 og 432. Þegar táknanna er leitað skiptir mestu að huga að höfuðáttum, braut sólar og stjarnhimni því í þeim felast helgir dómar sem ekkert hafa breyst í aldanna rás.



Heimsmyndin sem Einar Pásson uppgötvaði á Rangárvöllum var 216.000 fet að þvermáli og vörðuð níu táknum: 1 Þrídrangi. 2 Bergþórshvoli. 3 Steinkross. 4 Stöng. 5 Goðasteinn. 6 Skálholt. 7 Þríhyrningur. 8 Helgafell. 9 Hof.

Hið forna hlutfall

Heimsmynd landnámsmanna sem Einar heitinn Pálsson uppgötvaði upp úr miðri síðustu öld í launsögn Brennu Njálssögu var 216000 fet að þvermáli.[1] Sú heimsmynd virðist hafa haft tvennskonar eðli, annarsvegar umlykur hún alla víðáttuna og hinsvegar hina sjáanlegu veröld manns: Stærri mælingin; 66,6 km, var dagleið, þ.e. sú vegalengd sem heilbrigður maður gat hugmyndafæðilega stikað á 12 klst. Minni mælingin, u.þ.b. 11 km, var ferningaður hringur með 36.500 feta þvermáli sem umlukti sjóndeildarhring manns. Hlutföllin eru greypt í manninn líkt og hjartsláttur hans. Þegar við beinum sjón að formunum sem felast í tölvísinni þá renna saman stærð heims og tími dags. Hlutfallið skiptir máli.

Form og hlutföll veraldar fæddust og jörðin fékk rúmtak í hugskotinu, sjóndeildahringur varð til og mest áríðandi alls var að kunna skil á landsvæðinu sem mannskepnan sá. Hún tók að mæla það af mikilli nákvæmni. Við miðbaug er dagur og nótt jafn löng 12 klst. hver. 216.000 feta hlutfall stikað 5 feta skrefum í 12 klst eru 43.200 slík skref, mælt eins og fuglinn flýgur. Siðað samfélag grundvallaðist á réttri stærð og réttri mælingu sem byggðist á hlutföllum í náttúrunni. Á sléttunni varð til Edengarður Biblíunnar, gósen land sem lífið dafnaði á og speglast í kjarna hins allra heilagasta í Kabbalaspeki gyðinga, teningnum 216.

Miðja heimsmyndar Rangárvalla –Steinkross

Farvegur Þjórsár liggur í sveig norðvestan með heimsmynd Rangárvalla. Í aldanna rás gróf áin sig í gegnum hraunlög Heklu sem runnið hafa á þessu svæði í þúsundir ára. Sunnar er vin í elstu hraununum, grösug slétta líkt og rennisléttur vatnsbotn girtur grónum hraunkömbum. Þetta friðland hefur Hekla látið ósnert. Hraun hafa runnið þar allt um kring í óteljandi logandi lækjum, hvert ofan á annað, en gresja miðjunnar hefur ávallt notið friðar, þar er gamall, gjöfull jarðvegur þar sem skiptast á þykk moldar og vikurlög. Farfuglar koma þangað sunnan úr heimi á vorin til að verpa og hafa gert svo lengi sem þeir og Hekla hafa verið til. Á mörgum tímum hefur eimyrjan drepið forfeður þeirra þegar þeir loks lentu eftir Atlantshafsflugið. Undir grónum kambinum að norðanverðu er Steinkross –miðjan, uppá kambinum er bæjartóft með sama nafni sem fór í eyði seint á 19. öld.

Eitt vor í fornöld á komutíma farfuglanna komu mælingamenn landnema þangað eftir að hafa mælt 108.000 fet frá upphafshvolnum Bergþórshvoli. Þar hvíldu þeir sig og sameinuðu mannsandann landinu og vættum höfuðátta í helgiathöfn mælingar. Steinkross varð helg miðja heimsmyndar landnemanna, bundin tákni miðju, Norðurstjörnunni, sem var hátt á lofti á breiddargráðu Ísiseyjunnar. Um þennan stað hverfðist táknmynd veraldar landnámsmanna sem var 216.000 fet að þvermáli. Héðan hófst mæling fernings miðjunnar, teningsins 216. Að því loknu mátti grafa hér þá höfðingja sem dóu í Helgafelli því hér er kvörn veraldar, auga Mímis.

Helgafell

Helgafell er ein merkilegasta hugmyndin í gjörvöllum vef heimsmyndarinnar. Fellið er efsta bunga Vatnsdalsfells, sex mínútum í hásuður frá Steinkrossi. Í íslenskum sagnaarfi má lesa um menn sem gengu inn í Helgafell til að deyja. Opnuðust þá Helgafellin í norður og tengdust tilverunni handan jarðvistar.[2] Samkvæmt stikaðri heimsmynd er þar að vænta tákns norðurs.

Þegar komið er upp á efstu brún Helgafells er maður staddur á miðri austur-vestur grunnlínu teningsins við miðju heimsmyndar Rangárvalla. Hof er þrjár mínútur í hávestur og nyrsta nibba Þríhyrnings er þrjár mínútur í háaustur. Þar er víðsýnt yfir vellina í kring og heimsmyndina og sést hve fagurlega hún féll að staðháttum á Suðurlandi. Þrídrangur úti fyrir ströndu réði legu hennar. Frá dröngunum liggur lína að Stöng, mæld frá Bergþórshvoli er hún 216.000 fet að lengd. Goðasteinn, efst á Eyjafjallajökli er í háaustur frá Bergþórshvoli, þaðan eru 216.000 fet að Skálholti við Hvítá. Línur skárust í miðju að Steinkrossi. Séð frá Hofi rísa hvorki fleiri né færri en þrír tindar Þríhyrnings yfir fellið, en einungis sé horft þaðan í háaustur, þá ber nyrstu nibbu Þríhyrnings í efsta klettabelti Helgafells. Þessi sjónlína er einnig sex mínútur að lengd. Þjórsá innsiglar kerfið við tákn vorjafndægra í vestri þar sem ung sól sumars afmarkast með bökkum hennar í landi Kálfholts, rétt sunnan við þjóðveg 1. Efst á Helgafelli er veðrað móbergsklettabelti, sorfið rennum logandi hrauna sem runnu hér fyrir 25 þúsund árum og mótuðu þetta land. Í bergið virðist hafa verið hoggin renna sem vísar auganu í hánorður, að regintákni norðurs, Pólstjörnunni. Í bókinni Stærð veraldar má sjá hvernig sama hugmynd endurtekur sig í mældum heimsmyndum, skorðuðum við sömu áttum og goðsögum í mörgum löndum Evrópu.

Hlutfall veraldar

Tölvísi heimsmynda var í munnlegri geymd í árþúsundir áður en hún var skráð fyrstu leturtáknum mannsins sem voru tölutákn.

Í takti náttúrunnar birtast margvísleg form. Ferningur miðjunnar var stikaður 7300 5 feta skrefum. Í því hlutfalli eru líka 36.500 fet -og líka 6 mínútur af ummáli jarðar. Teningur hefur sex hliðar, hann er sexhliðungur, í táknafræðinni ber hann því töluna 6 sem stundum er not-uð í þriðja veldi sem tákn efnis, 6 x 6 x 6 =216. Þetta merkilega frumform er því einskonar hlutgervingur sköpunartölunnar 216.

Aðalsteinn Englandskonungur, vinur Egils Skallagrímssonar landnámsmanns á Mýrum lét skrá í lög að stærð heilags vés Englandskonungs frá miðju skal vera: 3 mílur, 3 furlongs, 9 ekrur, 9 fet, 9 lófa, 9 bigg korn. Þessi nákvæma mæling á geisla landsvæðis um aðsetur konungs er til marks um hve áríðandi þótti að mæla nákvæmlega helgireiti til forna og bregða forminu yfir land. Í mælieiningum nútímans er þessi mæling 5.420 m, 3 mínútur af ummáli Jarðar. Afmarkað land með 3ja mínútna geisla hefur 6 mínútna þvermál. Innan þessa landsvæðis mátti ekki lifta vopni í reiði, því var jafnað til þess að vera gert konungi

Grunnflötur tenings sem þannig er mældur umlykur sjóndeildarhring 6 feta manns, hann var því bæði ferningur og hringur. Væri teningur miðjunnar fjölfaldaður og þeim síðan raðað þannig að þeir mynduðu samfellda röð umhverfis jörðina, væru þeir 3600 talsins. Þetta einfalda frumform sameinar því sjóndeildahring, jörð, tölu hrings 360 og sköpunartöluna sjálfa 216. Þegar ferningurinn var mældur sem miðja heimsmyndar var hann alls staðar hornréttur á lengdarbauga og var þá norðursuður ásinn sem veröldin snerist um í fornum vísindum, kirfilega merktur sem miðlína hans og stóð eins og öxull í gegnum hann miðjan.



Teningur miðju heimsmyndar umlikur sjóndeildahring. Hann er 36500 fet að þvermáli. Sú mæling er einnig 7300 5 feta skref og 6 mínútur af ummáli jarðar.

Mæli ásar heimsmyndarinnar áttu sér iðulega tákn í nánasta umhverfi miðjunnar eins og sjá má í hönnun garða við mörg óðalssetur í Evrópu. Tölvísi og hugsun garðanna er ekki ósvipuð hugmyndum tölvísi hinnar fornu speki gyðinga, kabbala sem leitast við að tengja afmarkaðan heim manna óendanlegum guði. Kabbala er runnin frá menningarsvæðum Forn-Egypta, bundin fyrstu bókstöfum mannkyns. Í Kabbala er að finna tölfræðilegar útskýringar á flestum þáttum lífsins, allt á sér tölur að tákni. Þar er hugmynd tenings skilgreind sem táknmynd almættis, runnin af einum punkti, þegar augað sér þrívídd teningsins skynjar það augnablik fullkominnar sköpunar. Teningur sem tákn efnis rís af ferhyrningi, tölunni 4. Sexhyrningur tölunnar 4 er talan 37. Sexhyrningur er flatarmynd tenings.

Teningur er tákn fullkominnar sköpunar í Kabbala. Hexagon er tákn tenings



Talan 4, tákn fernings, á sér hexagon stærð sem er 37

Í hól við Steinkross á Rangárvöllum kristallast þessar hugmyndir. Teningurinn sem nefndur var Cubus Perfectus í Landnámu Hauks Erlendssonar gefur engin grið. Það má hugsa sér að í upphafi hafi mælingin orðið til í huga manns sem þurfti að átta sig í víðsjárverðum heimi líkt og sá sem þurfi að stíga ölduna á yfirborði jarðkúlu sem snýst í hringferlinu ógurlega. Þegar ungur mannshugurinn skynjaði veröldina var hann í sömu sporum og hinn fyrsti maður, frumeindin 1 í miðjum hringnum, 1 + 36. Talan 37 er sexhyrningur tölunnar 4. Talan 4 er (grund) völlurinn. Þegar Kristur kom til skjalanna sameinuðust allar vættir í kufli hans. Mannkyn hafði þokast að þessari niðurstöðu. Eftir ástríðufulla leit í þúsundir ára að visku var því fæddur frelsari, "spegilmynd". Viðmið og hlutföll sem áður bjuggu í hugtökum umhvefisins fóru hægt og bítandi að lúta valdi mannsins. Í samhengi sköpunar mynduðu tölugildi elstu stafa hebresku frumformin ferning og hring þannig: "Í upphafi skapaði guð himinn og jörð". (Í upphafi: 913 - skapaði: 203 - guð: 86 + 401 - himinn: 395 - og: 407 - jörð: 296, samtals 2701 = 37 x (spegilmynd) 73. Heimurinn sem guð skapaði var ferningur, hið mælda land.

Upphafsorð Genesis færa okkur formálalaust inn að miðju kerfisins sem Einar Pálsson uppgötvaði á Rangárvöllum. Við erum komin að ferningi miðju heimsmyndar sem mæld var 7300 5 feta skrefum. Teningurinn sprettur af miðjunni eins og poppkorn af heitri pönnu eða eins og "Í upphafi skapaði guð himinn og jörð", 37 x 7300. Tala sexhyrnings –spegluð með sjálfri sér og margfölduð með tölu feta í þvermáli fernings miðju er teningur miðju. Í miðju er því tákn hexagons sem var hugmynd veraldar í réttum hlutföllum.

Höfundur er myndlistarmaður og höfundur bókarinnar *Stærð veraldar*, Salka 2007, Amazon 2009. www.peturhalldorsson.com

1. Einar Pálsson , Trú og landnám, Mímir 1970, k. 5.
Pétur Halldórsson, *Stærð veraldar*, Salka 2007, bls. 9-15.
2. *Íslensk fornrit,* Hið íslenska fornritafélag , IV. Reykjavík, bls. 9 - 10.

* Jafna Einsteins um efni og orku gerir ráð fyrir að ljós ferðist á hraðanum 186.291 mílur á sekúndu í tómi geymsins. Ef hraðinn væri aukin um 0,179% væri hann 186.624 mílur á sek. Rót þeirrar tölu er 432. Munurinn er það lítill að geta flokkast innan; mismunandi lengd mílu eða mismunandi útreikningium afstæðiskenningarinnar.

** Mælieiningin 5 feta skref samræmir mælingu þvermáls heimsmyndarinnar og þvermál miðjunnar.